

Aðalfundur Rauða kross Íslands
haldinn í Kópavogi
23. - 24. maí 2003

Setningarathöfn var haldin í Salnum, föstudaginn 23. maí kl. 15.00.

*

Yfirskrift fundarins var :

Í krafti mannúðar
- stefnan til 2010 -

*

Fundur hófst á laugardagsmorgni 24. maí kl. 09:10.

Í upphafi tók til máls Garðar Guðjónsson, formaður Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, og bauð aðalfundarfulltrúa velkomna í Kópavog. Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, setti síðan fundinn og bauð fundarmenn velkomna til aðalfundarins.

1. **Stjórnin athugaði kjörbréf fulltrúa deilda og lagði fram til úrskurðar fundarins.** *Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands*, las upp kjörbréfin og bað viðkomandi að gefa merki og staðfesta viðveru sína. Mættir voru 135 einstaklingar, þar af voru 108 aðalfulltrúar, 11 stjórnarmenn og 16 áheyrnarfulltrúar. Síðan voru kjörbréfin borin undir fundinn og samþykkt. Að því búnu kynnti Úlfar nýja formenn deilda: Viktor Örn Viktorsson Strandasýsludeild, Sigrúnu Elínu Hreinsdóttur Bolungarvíkurdeild, Ásgerði K. Gylfadóttur Hornafjarðardeild, Guðrúnu Pálsdóttur Siglufjarðardeild, Lárus J. Guðjónsson Akranesdeild, Elsu Skúladóttur Húsavíkurdeild, Elínu A. Valdimarsdóttur Klausturdeild, Sigurð Ásgeirsson Reyðarfjarðardeild og Guðna J. Ólafsson V.-Barðastrandarsýsludeild.
2. **Skipun embættismanna fundarins**
Fundarstjórar voru kosnir: Reynir Guðsteinsson, Kópavogsdeild og Ómar H. Kristmundsson, Reykjavíkurdeild.
Fundarritarar voru kosnir: Guðrún Mjöll Sigurðardóttir og Rúna H. Hilmarsdóttir frá Kópavogsdeild og þeim til aðstoðar Sveinn Kristinsson svæðisfulltrúi á Vesturlandi. Síðan tók Ómar við fundarstjórn og kynnti dagskrá fundarins.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar

Athugasemdir við fundargerðina komu frá eftirtöldum aðilum:

Unnur Hjálmarsdóttir gerði athugasemd við liðinn „Umræður um helstu stefnumál og markmið“ (bls. 7 og 8). Þar vantar eftirnöfn eftirfarandi aðila: Hildar Tryggvadóttur Flóvenz, Jóns Brynjars Birgissonar og Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur.

Fundargerðin var síðan borin upp með áorðnum breytingum og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, flutti skýrsluna.

Úlfar gerði að umtali stríðið í Írak og sagði Rauða krossinn ávallt vera til staðar þegar stríðsátök og náttúruhamfarir ættu sér stað. Ræddi hann um nauðsyn og hlutverk Rauða krossins þegar byssurnar væru látnar tala. Hann ræddi um söfnunina “Göngum til góðs” og þær frábæru undirtektir sem hún hefði fengið. Benti hann á söfnunina sem gott dæmi um það hvernig Rauða kross félagar bregðast við neyð.

Hann fjallaði um þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í að skilgreina starf hreyfingarinnar og marka stefnu félagsins. Liður í því að efla starfið er að halda grunnnámskeið fyrir sjálfbóðaliða og námskeið fyrir stjórnarmenn svo eitthvað sé nefnt.

Fjáröflun var stórefld á síðastliðnu ári og þeirri vinnu verður haldið áfram.

Mikið hefur verið gert í fræðslumálum Rauða krossins. Fræðsla fór fram í skólum, meðal almennings og innan félagsins. Meðal þess sem hefur verið gert er að þróa fræðsluefni fyrir leikskóla sem er hluti af málssvarastarfi, því fyrr sem er byrjað því betra.

Halda þarf utan um og umbuna sjálfbóðaliðum og vísaði hann í síðasta tölublað Hjálpar um hvernig umbuna megi þeim. Tæplega 600 sjálfbóðaliðar hafa skrifað undir sjálfbóðaliðasamninga og eru þar með tryggðir í sjálfbóðnu starfi sínu. 18.500 félagar eru skráðir í hreyfinguna en einungis fjórðungur þeirra greiðir árgjaldið sitt.

Á aðalfundi 2000 var lögð fram stefna Rauða kross Íslands til næstu þriggja ára. Aðaláhersluverkefni innanlands voru vinna að málefnum geðfatlaðra, heimsóknarþjónusta og forvarnastarf meðal ungmenna. Flestar deildir hafa verið að vinna eftir þessari stefnu. Sem dæmi um þessa vinnu má nefna Fjölsmiðjuna í Kópavogi þar sem ungu fólki er kennt til verka, athvörfin fyrir geðfatlaða, Dvöl, Laut og Vin og fljótlega verður opnað enn eitt athvarf í Hafnarfirði. Þá hafa ungmennahús verið opnuð víða um land.

Ungmennastarf:

Ungmennahreyfingin hefur tekið þátt í þessu starfi. Unnið gegn ofbeldi, haldið alþjóðlegar sumarbúðir, unnið sjálfböðastörf í athvörfunum, heimsóknarþjónustu o.fl. Um 100 félagar í Ungmennahreyfingunni skiluðu um 10.000 klst. í sjálfböðastarfi á síðasta ári.

Símalínan - Rauða kross húsið

Skýrsla sem landlæknir birti um sjálfsvíg leiddi í ljós að sjálfsvíg væru allt of oft afleiðing þunglyndis og fíkniefnavanda. Nýja símalínan er að einhverju leyti svar við þessu, þörfin væri fyrir hendi og margt fólk í verulegum vanda. Þá hefur starfsemi Rauða kross hússins verið endurskoðuð.

Sjúkrabílar

Sjúkrabílar voru endurnýjaðir fyrir 42 milljónir króna. 5 nýjar bifreiðar voru keyptar á árinu 2002. Þá var keypt nýtt fjarskiptakerfi sem gagnast til að staðsetja bílana betur og nýtt innheimtakerfi þannig að innheimta er nú mun skilvirkari en áður. Verið er að leita leiða til frekari hagræðingar eftir að samningur við hið opinbera um áframhaldandi rekstur sjúkrabifreiða var samþykktur.

Þáttur Rauða kross Íslands í neyðarvörnum

Nýr samningur við almannavarnir hefur gert hlutverk Rauða kross Íslands skýrara. Sem betur fer urðu engin stórslys eða hamfarir sem þurfti að bregðast við árið 2002. Rauði krossinn er hins vegar ávallt í viðbragðsstöðu eins og sýndi sig þegar brugðist var við aurskriðuhættu á Seyðisfirði og þegar Reykjavíkurdeild skaut skjólshúsi yfir íbúa fjölbýlishúss við Hjaltabakka þar sem eldur kom upp.

Blóðbanki á hjólum, mikið tæki, var afhentur í október og nú getur Blóðbankinn sótt blóð vítt um landið.

Fatasöfnun

Góður árangur var á árinu í fatasöfnun/flokkun sem skilaði 4 milljónum króna til Hjálparsjóðs. Á Norðurlandi er farin sú leið að safna á ákveðnum degi, til þess eru settir upp markaðsdagar til að gera fatasöfnunina sýnilega og efla virkni og vitund fólks í samfélaginu á mikilvægi hennar.

Hælisleitendur

Hælisleitendur voru 117. Samningur við dómsmálaráðuneytið um málefni þeirra verður ekki endurnýjaður óbreyttur þegar hann rennur út en að sjálfsögðu vill Rauði kross Íslands koma að því verkefni áfram að veita hælisleitendum þjónustu og aðstoð. Engir flóttamenn komu hingað á síðasta ári en það er markmið Rauða krossins að tryggja að nokkrir flóttamenn geti komið á hverju ári. Mikilvægt að deildir vinni áfram að slíkum málum.

Alþjóðastarf

Á árinu 2002 voru stærstu verkefni í alþjóðastarfi Rauða kross Íslands vegna alnæmisfaraldurs og matvælskorts í sunnanverðri Afríku og vegna stríðsátaka í Afganistan og Palestínu. Einnig var aðstoð félagsins beint að þeim svæðum í heiminum þar sem mikil neyð ríkir en erfiðlega gengur að fjármagna hjálparstarf. Í daglegu tali eru þau oft kölluð „gleymd svæði“.

Stærstu þróunarverkefni félagsins voru í þágu alnæmissmitaðra í sunnanverðri Afríku. Haldið var áfram með heilsugæsluverkefni í Mósambík og alnæmisverkefni í Malaví og Suður-Afríku, sem lengi hafa verið í undirbúningi. Rauði kross Íslands starfar með systurfélögum sínum í þessum löndum að því að veita alnæmissjúkum heimahlynningu og aðstandendum þeirra stuðning svo og fræðslu og forvörnum gegn smiti. Yfirvofandi hungursneyð í sunnanverðri Afríku var stærsta verkefnið á sviði neyðaraðstoðar. Í landssöfnun Rauða krossins í október 2002 tókst að safna 30 milljónum króna sem runnu til Alþjóðasambands Rauða krossins vegna hjálparstarfs á þessu svæði.

Á árinu störfuðu 16 sendifulltrúar á vegum félagsins erlendis og tóku þeir þátt í 18 mismunandi verkefnum.

Árið 2002 markaði tímamót í vinadeildasamstarfinu vegna þess að þá náðist markmið sem sett var fyrir fjórum árum að allar deildir Rauða kross Íslands tækju þátt í vinadeildasamstarfi.

Lagt var til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu sameinaðir umræðum um reikninga félagsins og var það samþykkt.

5. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs voru nú lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Ólafur Ólafsson gjaldkeri

Heildartekjur voru 870 milljónir árið 2002 og voru tekjur af söfnunarkössum hvað mestar, eða tæpar 570 milljónir. Tekjur af söfnunarkössum hafa lækkað meira en öll önnur framlög á síðustu árum. Hvatti Ólafur fólk til að staldra við og kanna hvernig mæta mætti þessari tekjulækkun.

Tekjur og framlög ársins 2002 eru tæpum 12% hærrí en árið á undan. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að nú er rekstur Sjúkrahótels fjármagnaður með beinu fjárframlagi frá ríkissjóði í stað daggjalda frá Tryggingastofnun. Heildarframlag ríkissjóðs, 61,4 milljónir króna er því fært nú meðal tekna hjá Rauða krossinum en sama fjárhæð er jafnframt bókuð sem útgjöld til Sjúkrahótels.

Gjafir og framlög hækkuðu um rúmar 25 milljónir milli ára og skýrist það einkum af því að landssöfnunin „Göngum til góðs” fór fram á árinu 2002 en ekki árið 2001. Alls söfnuðust um 30 milljónir króna og var sú fjárhæð send úr landi skömmu eftir söfnunina. Framlög til alþjóðlegs hjálparstarfs hækkuðu þar af leiðandi talsvert á árinu.

Á árinu 2002 komu engir flóttamenn til landsins eins og verið hefur undanfarin ár. Hins vegar jókst kostnaður Rauða krossins vegna hælisleitenda verulega milli ára. Alls var ráðstafað um 901 milljón króna til verkefna á árinu 2002. Af því runnu tæpar 175 milljónir til deildanna.

Óvenjuhár kostnaður vegna markaðs- og kynningarmála skýrist af kynningarátaki sem skilaði sér til baka í auknum tekjum milli ára, m.a. vegna „Göngum til góðs”. Gjöldin eru því um 30 milljónum krónum hærrí fjárhæð en nam tekjum Rauða krossins á árinu. Sú niðurstaða er í samræmi við áætlanir og þá stefnu að ganga á óráðstafað eigið fé Rauða krossins.

Að öðru leyti vísaði Ólafur Ólafsson í framlagðan ársreikning sem fyrir lá á fundinum.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar lögð fram til umræðu

Eftirtaldir aðilar tóku til máls undir þessum lið:

Jens Ívar Albertsson Reykjavíkurdéild spurði um klínksöfnunina.

Rúnar Helgason Suðurnesjádéild vildi vita nánar um eignfærslu sjúkrabíreiða.

Aðalbjörg Lúthersdóttir Reykjavíkurdéild þakkaði gjaldkera fyrir greinargóða yfirferð á ársreikningi félagsins. Hún bar fram nokkrar spurningar og athugasemdir.

1. Hver er skýringin á lakri ávöxtun innistæðu og verðbréfa varasjóðs og hve stórt hlutfall af verðbréfaeign er í erlendum bréfum.
2. Óskaði eftir sundurliðun á liðnum „sameiginlegur kostnaður” í gjaldalið rekstrarreiknings.
3. Benti á ósamræmi í uppgefnum upphæðum varðandi hlut deilda og svæðissjóða í tekjum af söfnunarkössum og sundurliðunar á þessum lið í skýringum á bls. 15

Sigrún Ármadóttir svarar fyrirspurn um klínksöfnun. Í klínksöfnuninni söfnuðust 17 milljónir króna og hefur það fjármagn verið eyrnamerkt ungmennastarfi. Þar af fara 5 milljónir króna í kostnað vegna ungmennastarfs á landsskrifstofu og 5 milljónir renna til Rauða kross hússins.

Ólafur Ólafsson svaraði spurningum Rúnars og Aðalbjargar.

1. Ástæða fyrir lakri ávöxtun varasjóðs er að gengi erlendra verðbréfa hefur lækkað á undanförunum mánuðum og verið neikvæð af þeim sökum. Ávöxtun á innlendum

bankareikningum hefði skilað 20 milljónum króna en ávöxtun verðbréfareikninga verði neikvæð um 14 milljónir króna.

2. Gjaldkeri gerði grein fyrir sundurliðun á sameiginlegum kostnaði. Laun og launatengd gjöld veða þar mest.
3. Sjúkrabílar Rauða krossins eru ekki eignfærðir í þessum ársreikningi. Hins vegar er gerður sérstakur reikningur fyrir Sjúkrabílasjóð og þar eru allir sjúkrabílar Rauða krossins eignfærðir og afskrifaðir.

Torben Friðriksson gerði athugasemd við orðalag. Gjöld umfram tekjur vildi hann láta heita tap.

Að lokum voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

Gert var 20 mínútna kaffihlé og var fundi fram haldið kl. 11.45.

6. Fjárhagsáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu

Ólafur Ólafsson gjaldkeri lagði áætlunina fram og kynnti hana.

Tekjur eru áætlaðar rúmar 878 milljónir þar af eru áætlaðar til ráðstöfunar tæpar 699 milljónir. Kassatekjur standa í stað en lækka að raungildi. Gert er ráð fyrir að vegna komu flóttamanna hækki framlag ríkisins. Útleiga fasteigna lækkar vegna þess að hluti tekna síðasta árs voru frá árinu á undan.

Gjöld eru áætluð rúmar 735 milljónir. Gert er ráð fyrir að launakostnaður hækki sem og tölvukostnaður. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir því að sameiginlegur kostnaður hækki um 97 milljónir. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna markaðsmála lækki þar sem ekkert kynningarátak er í gangi. Áætlað er að gengið verði á sjóði upp á tæpar 37 milljónir króna.

Umræður um þennan lið voru fluttar undir liðinn um framkvæmdaáætlun.

7. Framkvæmdaáætlun næsta starfsárs lögð fram til umræðu

Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri lagði áætlunina fram og benti á að hún lægi frammi til skoðunar. Framkvæmdaáætlunin byggir á stefnu félagsins frá 1998 og stefnu alþjóðahreyfingarinnar og gildir fram á þetta ár. Gert var mat á öllum verkefnum landsskrifstofunnar. Farið var yfir árangur hvers verkefnis auk þess sem athugað var hvort kostnaðaráætlun hefði staðist sem langoftast hefði gerst.

Bæta þarf forgangsröðun verkefna, meta árangur með skilvirkari hætti og undirbúning verkefna og var það lagt til grundvallar nýju framkvæmdaáætlunarinnar.

Flestar deildir gera áætlanir núna sem er mikill árangur og framför. Styðja þarf deildir og veita þeim þá þjónustu og hjálp sem þarf til þess að þær geti sinnt störfum sínum

með árangursríkum hætti. Brýnt er að viðhalda orðsperi Rauða kross Íslands og skerpa áherslur í starfseminni og bæta árangur. Byggja á upp góð og vel skilgreind verkefni.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í fimm flokka.

1. Fjármál og þjónusta
 - a. Unnið að því að auka hagkvæmni í rekstri, auka sjálfvirkni við bókhald og samræma bókhaldskerfi.
 - b. Tryggja góða ávöxtun án þess að fara út í áhættufjárfestingar.
 - c. Íslenskir söfnunarkassar heita hér eftir Íslandsspil.
2. Upplýsinga- og markaðsstarf
 - a. Hafa frumkvæði að samskiptum við fjölmiðla
 - b. Auka tengsl með útgáfu á Hjálp og öðru kynningarefni.
 - c. Vefurinn verði efldur og gagnvirkni hans aukin.
 - d. Fá fyrirtæki til að styrkja Rauða kross Íslands
 - e. Skyndisafnanir verði efldar vegna neyðar erlendis.
 - f. Leikskólafræðslu haldið áfram.
3. Alþjóðastarf
 - a. Auka fagmennsku með samningum.
 - b. Meta árangur þróunarverkefna.
 - c. Vinna fleiri þróunarverkefni í samvinnu við Alþjóðasambandið.
 - d. Fá þátt stjórnvalda aukinn við neyðar- og þróunarvinnu.
 - e. Efla vinadeildasamstarfið.
 - f. Sendifulltrúar verði áfram til taks.
4. Flóttamenn og hælisleitendur.
 - a. Árlega verði tekið við flóttamönnum.
 - b. Handbók hefur verið gefin út um móttöku flóttamanna.
 - c. Endurskoðað verður hlutverk Rauða kross Íslands í móttöku hælisleitenda.
 - d. Málsvarastarf verði áfram innt af hendi.
5. Innanlandsstarf.
 - a. Deildir verði áfram aðstoðaðar við að sinna áhersluverkefnum Rauða kross Íslands um geðfátlaða, ungt fólk í vanda og heimsóknarþjónustu.
 - b. Neyðarvarnir verða endurskoðaðar og hlutverk Rauða kross Íslands í þeim efnum. Þáttur sjálfboðaliða aukinn og héraðssamningar gerðir.
 - c. Halda áfram að útbreiða þekkingu í skyndihjálp.
 - d. Vinna áfram að því að auka hlut útlendinga í starfi félagsins og móta stefnu í málefnum útlendinga.

- e. Ungmennastarf verði eftir og virkni ungs fólks aukin innan Rauða kross Íslands.
- f. Hafa námskeið tiltæk á öllum starfssvæðum og laða að sjálfbærliða.

Starfsemi Rauða kross hússins hefur verið tekin til endurskoðunar, fleiri úrræði eru nú fyrir hendi en áður og hefur því dregið úr aðsókn að húsinu. Því hefur verið samþykkt að draga úr starfsemiinni. Áfram verður þó boðið upp á næturskjól en sálrænni hjálp vísað að mestu leyti annað. Með þessu má draga úr rekstri um allt að helming.

Nýtt athvarf fyrir geðfatlaða er að opna í Hafnarfirði. Þá eru í gangi viðræður við Reykjavíkurbætur um að hún taki við rekstri Vinjar. Hlutverk Sjúkrahótelsins hefur verið endurskoðað í samstarfi við Landspítala-háskólasjúkrahús.

Sigrún lagði að lokum ríka áherslu á að hreyfingin ynni sem ein heild til þess að gera starf Rauða krossins sem árangursríkast. Samstarf og umbótavilji er að mati Sigrúnar lykilorð okkar árið 2003.

Umræður um fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun næsta árs

Undir þessum lið tóku til máls:

Sigurður Steindór Pálsson frá Vinalínu lagði áherslu á að ekki megi gera lítið úr þjónustu Vinalínunnar, þar hringi ekki bara gamalt einmana fólk. Vinalínunni bærust mörg sjálfsvígssímtöl frá fólki á öllum aldri.

Þorfinnur Guðbjartsson frá Vinalínu taldi að það hefði verið óþarfi að opna hjálparsíma samhliða síma Vinalínunnar sem rekinn hefði verið í fjölmörg ár.

Sigrún Árnadóttir lagði áherslu á að ekki hefði verið ætlunin að gera lítið úr starfi Vinalínunnar, þar færi fram mikils metið starf þar sem á fjórða tug sjálfbærliða ynni. Rauði kross Íslands gekk hins vegar til samstarf við Neyðarlínu, Landspítala-háskólasjúkrahús og landlæknisembættið. Þegar þetta fór af stað fóru fram viðræður við Vinalínu og Hjálparsímamann um samvinnu sem gekk ekki eftir á þeim tíma. Ætlunin er að reyna að samræma þetta þannig að ekki sé verið að vinna í samkeppni.

Þorfinnur Guðbjartsson ítrekaði að sjálfbærliðar væru 58 en ekki á fjórða tug. Einnig lýsti hann yfir óánægju sinni með það að ekki hefði verið tekið mið af starfi Vinalínunnar þegar Hjálparsíminn var opnaður.

Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs undir þessum lið.

8. Árgjald félaga deilda fyrir næsta starfsár ákveðið

Ólafur Ólafsson gjaldkeri kynnti þá tillögu stjórnar að árgjald félaga fyrir árið 2004 yrði hækkað úr 800 krónum í 1.000 krónur. Einungis 25% félaga greiða árgjald en það sé skoðun stjórnar að heimtur séu ekki svo lélegar vegna hárra gjalda heldur sé annarra orsaka að leita. Ákveðið hefur verið að mynda vinnuhóp til að yfirfara og skoða heimtur árgjalda.

Var tillagan borin upp og samþykkt af þorra atkvæða, en nokkrir voru á móti.

Jens Ívar Albertsson, Unnur Hjálmsardóttir frá Reykjavíkureild og Karl Lúðvíksson frá Skagafjarðardeild lýstu yfir óánægju með hækkun félagsgjalda.

Sigrún Elíasdóttir Súðavíkureild bað um að þegar fólk flytti milli landshluta og breytti um lögheimili þá héldist skráningin í þeirri deild sem viðkomandi skráði sig í en flyttist ekki til deilda þar sem það á nýtt lögheimili.

Jens Ívar Albertsson gerði athugasemd við fundarstjórn, ekki væri eðlilegt að byrja á atkvæðagreiðslu og biðja síðan þá sem mótfallnir væru tillögunni að skýra frá skoðun sinni.

Ásta Eggertsdóttir Fáskrúðsfjarðardeild lagði til að vinnuhópurinn ynni sína vinnu fyrst og árgjald yrði óbreytt þar til.

Hafdís Rut Rudolfsdóttir Kjósarsýsludeild lagði til að gjaldið yrði hækkað enn frekar, jafnvel upp í 1.200 krónur því þeir sem greiddu væru hliðhollir Rauða krossinum. Frekar væri unnt að koma til móts við tekjulága, s.s. skólafólk sem starfar með ungmennahreyfingunni með öðrum hætti.

Fundarstjóri féllst á athugasemd Jens Ívars Albertssonar og lagði til vegna þessara mistaka að tillagan yrði borin upp aftur sem var gert.

Var tillagan samþykkt með þorra atkvæða.

9. Kosning stjórnarmanna samkvæmt 6. gr.

Gunnlaugur Dan Ólafsson, formaður kjörnefndar flutti tillögur kjörnefndar.

Stjórnarmenn sem lokið hafa setu sinni til tveggja ára eru Hörður Högnason, Karen Erla Erlingsdóttir, Pálín Dögg Helgadóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Torben Friðriksson. Sigurður Arnar hefur setið átta ár í stjórn og á ekki kost á endurkjöri samkvæmt lögum félagsins. Aðrir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Kjörnefnd leggur því til að Hörður, Karen, Pálín, og Torben verði endurkjörin auk þess sem Þór Gíslason, Húsavíkureild verði kjörinn í stað Sigurðar.

Engar aðrar tillögur komu fram og var tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna

Tillaga gerð um að Ingunn Egilsdóttir og Jóhann Sæmundsson yrðu áfram skoðunarmenn og voru þau kjörin án mótatkvæða.

Gert var hádegisverðarhlé kl. 11.45 og var fundinum síðan fram haldið kl. 14.00. Tók þá

Reynir Guðsteinsson við fundarstjórn.

11. Umræður um helstu stefnumál og markmið – Stefna Rauða kross Íslands til 2010.

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, kynnti stefnu Rauða kross Íslands til 2010. Hún hafði verið send aðalfundarfulltrúum til kynningar fyrir fundinn. Eftir síðasta aðalfund var skipaður starfshópur til að vinna stefnuna í tengslum við stefnu Alþjóðarhreyfingarinnar. Hópurinn tók til starfa í desember og kynnti fyrstu drög á vinnufundi í febrúar. Rætt var við lykilstarfsmenn og utanaðkomandi ráðgjafa áður en drögin voru lögð fyrir á formannafundi í mars. Stefnan var kynnt í deildum og tillögur komu fram á svæðisfundum þar sem fulltrúar úr vinnuhópnum voru viðstaddir. Fundur var einnig haldinn með starfsfólki landsskrifstofunnar. Vildi Úlfar þakka öllum þeim sem komu að þessari vinnu. Að lokum var stefnan samþykkt á stjórnarfundum Rauða kross Íslands og ákveðið að hún yrði lögð fyrir aðalfundinn.

Úlfar benti á að þegar móta á stefnu skipulagsheildar verður að átta sig á markmiðum og tilgangi hennar. Það væri auðvelt í tilvikum Rauða kross Íslands þar sem stefna hreyfingarinnar er ljós en leiðarljósið verður að vera einfalt og því var það einfaldað svo allir gætu munað og tileinkað sér það. Stefnan er sett fram í fjórum liðum.

1. Að kynna og breiða út grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og mannúðarhugsjónir hennar.
2. Að efla neyðarvarnir og neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara.
3. Að vinna að heilbrigði og umönnun.
4. Að Rauði kross Íslands sé ávallt vel starfandi landsfélag.

Stefnan á að vera skýr og markmiðin ljós en má þó ekki hamla því að hægt sé að sinna ófyrirsjáanlegum verkefnum sem koma upp. Hreyfingin þarf að geta sinnt mannúðarstarfi tafarlaust.

Stefnan er til næstu 7 ára og verkefnaáætlun til næstu fjögurra ára. Hins vegar verður verkefnaáætlun endurskoðuð árlega samfara framkvæmdaáætlun. Uppsetning stefnunnar er í anda Alþjóðahreyfingarinnar. Stefnan er stutt orð en henni fylgir leiðarvísir að framkvæmd hennar. Úlfar fór yfir skýrsluna og skýrði þætti hennar. Hann sagði megininnihald hennar stutt en þó innihaldsríkt.

Comment [GM1]: Ég náði niður einhverjum fleirum svona punktum til viðbótar um einstaka liði stefnunnar (sjá skjalið mitt). Spurningin er hvort það megi ekki bara sleppa þeim frekar en að vera að týna einhverja einstaka þætti út?

Að kynningu lokinni var eftirfarandi ályktun dreift:

Ályktun um stefnu Rauða kross Íslands

Aðalfundur Rauða kross Íslands haldinn í Kópavogi 23. og 24. maí 2003,

lýsir ánægju sinni með endurskoðað leiðarljós og stefnu Rauða kross Íslands til ársins 2010 sem lagt er fram af stjórn Rauða kross Íslands,

þakkar vinnuhópnum sem falin var endurskoðunin, formönnum, sjálfbóðaliðum, starfsfólki og öðrum sem komið hafa að mótun stefnunnar,

samþykkir stefnu Rauða kross Íslands til 2010,

hvetur eindregið til að félagið starfi í fullu samræmi við stefnuna og að hún verði öllum sjálfbóðaliðum og starfsmönnum aðgengileg og kunn,

felur stjórn Rauða kross Íslands að útfæra stefnuna með gerð framkvæmdaáætlunar fyrir félagið til fjögurra ára í samstarfi við deildir,

leggur til að stefnan verði endurskoðuð fyrir aðalfund 2007.

Umræður um stefnu Rauða kross Íslands - Leiðarljós

Ómar H. Kristmundsson benti á mikilvægi þess að gera verkefnaáætlun þar sem fram kemur framkvæmdatími. Halda yrði vel utan um verkefni og koma á sameiginlegum gagnagrunni þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar um verkefni sem verið er að vinna að innan deilda og landsstjórnar.

Jens Ívar Albertsson vildi gera athugasemd við orðalag formanns þegar hann kynnti lið 2.3. í stefnunni. Formaðurinn hefði sagt að stefnan væri að draga úr kostnaði við sjúkraflutninga þannig að hlutur ríkisins eða sjúklinga yrði aukinn.

Úlfar Hauksson svaraði Jens Ívari Albertssyni þar sem hann sagði að sjálfsögðu væri það ekki vilji Rauða kross Íslands að hlutur sjúklinga hækkaði, það væri á ábyrgð ríkissjóðs en ekki Rauða krossins hvernig hann mætti auknum kostnaðarhlut.

Að því búnu var stefnan borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Að þessum lið loknum var gert 30 mínútna kaffihlé og hófst fundur aftur kl. 15.25

12. Önnur mál

Pálín Dögg Helgadóttir, stjórn Rauða kross Íslands, las upp eftirfarandi ályktun:

Ályktun um málefni barna og ungmenna

Aðalfundur Rauða kross Íslands, haldinn í Kópavogi 23. og 24. maí 2003, samþykkir:

Aðalfundur felur stjórn Rauða kross Íslands að skipa sem fyrst í vinnuhóp með fulltrúum ungmenna, deilda, stjórnar og starfsmanna til að vinna að verkefnaáætlun í málefnum barna og ungmenna. Verkefnaáætlunin skal vera í fullu samræmi við stefnu 2010 og taka mið af eftirfarandi þáttum:

- **Fræðsla um grundvallarmarkmið og málefni hreyfingarinnar. (sbr. 1.1)**
Unnið verði áfram að skólafræðslu og öðru kynningarstarfi félagsins í skólum. Kannaðir verði möguleikar á samstarfi deilda og skólayfirvalda á hverjum stað. Mótuð verði stefna í sumarstarfi með börnum og unglingum og hún byggð á reynslu af sumarbúðum og námskeiðum félagsins.
- **Vettvangur fyrir ungt fólk til að vinna að mannúðarmálum. (sbr. 4.2)**
Félagsstarf Rauða kross deilda með börnum og ungmennum verði eflt og styrkt sem vettvangur fyrir ungt fólk til að vinna að áhersluverkefnum, málsvarastarfi, alþjóðatengslum, staðbundnum verkefnum og afla sér þekkingar um hugsjónir og starf hreyfingarinnar. Samstarfsvettvangur ungmenna verði skilgreindur á grundvelli reynslu og með hliðsjón af starfsreglum URKÍ og deilda og ungu fólki tryggður aðgangur að stjórnun og stefnumótun hreyfingarinnar.
- **Málsvarastarf og stuðningur við ungt fólk í vanda. (sbr 1.3 og 3.3)**
Markaðar verði skýrar áherslur í stuðningsverkefnum fyrir börn og ungmenni á grundvelli rannsókna og reynslu af þeim verkefnum sem komið hefur verið á fót s.s. hjálparsíma, kaffi- og menningarhúsum, Fjölsmiðjunni og verkefnum gegn einelti og ofbeldi. Unnið verði að útfærslu málsvarastarfs með ungu fólki á grundvelli ályktunar um málsvarastarf sem samþykkt var á aðalfundi á Egilsstöðum í maí 2002.

Að því búnu óskaði fundarstjóri eftir umræðum um ályktunina og tóku þessir til máls:

Erla Svanhvít Guðmundsdóttir, fráfarandi formaður URKÍ.

Erla sagði frá aðdraganda þess að ályktunin sem Pálín kynnti kæmi til afgreiðslu á aðalfundinum. Það hefur verið baráttumál URKÍ að skapa ungu fólki ákveðinn sess innan Rauða kross Íslands. Ungt fólk á að hafa ákveðið hlutverk varðandi stefnumótun og stjórnun félagsins og er þar stefna alþjóðahreyfingar Rauða krossins lögð til grundvallar. Mikið hefur áunnist á síðustu árum. Fleiri sitja nú í stjórnun deilda, formaður situr formannafundi og formaður URKÍ hefur nú fast sæti á aðalfundi félagsins

með málfrelsi og tillögurétti eins og stjórnarmenn Rauða kross Íslands. Þetta hefur áunnist með fjölda vinnuhópa sem fjölmargir sjálfboðaliðar hafa tekið þátt í og unnið vel að en þó er enn langt í land.

Á landsfundi URKÍ árið 2002 var skipaður vinnuhópur um aðild og áhrif URKÍ að stjórnun félagsins. Þessi vinnuhópur skilaði niðurstöðum í mars á þessu ári. Lagði hann áherslu á að stjórn Rauða kross Íslands væri ávallt skipuð a.m.k. einum manni frá Ungmennahreyfingunni eins og það er víðast hvar í löndunum í kringum okkur. Niðurstöður vinnuhópsins fengu ekki hlómgrunn í stjórn Rauða kross Íslands, jafnvel þó svo að stjórnin væri sammála um að eitthvað þyrfti að gera í málefnum ungs fólks innan hreyfingarinnar og gefa ungu fólki tækifæri til að hafa áhrif á stefnu félagsins. Ákveðið var því að fara ekki með lagabreytingar á þennan aðalfund heldur samþykkti URKÍ ályktunina sem nú liggur fyrir og að skipaður verði vinnuhópur í kjölfarið sem muni koma þessum málum í réttan farveg sem allra fyrst. Endaði Erla á því að segja að hún vonaðist til þess að þessi ályktun yrði ekki eingöngu fallegur texti á blaði heldur að unnið yrði markvisst að því að skapa ungu fólki þann sess innan félagsins sem það ætti skilið. Þannig yrði Rauði kross Íslands ekki eftirbátur annarra landa í sambandi við ungmennamál.

Að því búnu var ályktunin borin upp og var hún samþykkt samhljóða.

Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, fór nýverið til Bagdad í Írak. Sagði hún frá ástandinu þar eftir stríðið og í hverju aðstoð Alþjóðaráðsins væri fólgin.

Ástandið í landinu nú að loknu stríði er viðkvæmt og flókið. Stjórnkerfið er í molum, opinber starfsemi í lamasessi og öryggi borgaranna er ótryggt. Samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum er landið hernumið og í gildi eru ákvæði Fjórdra Genfarsáttmálans. Hann kveður m.a. á um skyldur herliðs sem í megindráttum er að tryggja öryggi almennings, sjá til þess að borgarar geti lifað sem eðlilegustu lífi, að þeir geti notið opinberrar þjónustu og að þjóðlíf raskist eins lítið og mögulegt er.

Fimm íslenskir sendifulltrúar eru að fara utan á næstu dögum og vikum til neyðaraðstoðar í Írak.

Mikil verkefni eru framundan, verið er að safna fjármunum og hefur ríkisstjórnin heitið 200 milljónum króna til uppbyggingarinnar. Í landinu er mikið af vel menntuðu fólki, það verður stutt en því ekki kennt. Sýndi hún fundarmönnum myndir frá heimsókn sinni.

Gunnhildur Sigurðardóttir Hafnarfjarðardeild tók næst til máls og kynnti Alnæmisverkefni Rauða kross Íslands í Kimberly í Suður-Afríku. Hún bar fundinum kveðju Önnu Þrúðar Þorkelsdóttur fyrrverandi formanns en hún er nú sendifulltrúi í Suður-Afríku. Gunnhildur var sjálfboðaliði þar þrjá mánuði í vetur. Gunnhildur lýsti aðstæðum á svæðinu og í

hverju aðstoð Rauða kross Íslands felst. Landið er ríkt en fátæktin mikil og meiri hluti fólks býr við örbirgð. Sýndi hún fundarmönnum myndir frá heimsókn sinni.

Þór Gíslason Húsavíkurdeild tók til máls og þakkaði þann stuðning að vera kosinn til setu í stjórn Rauða kross Íslands. Hann þakkaði fyrir þá vinnu sem var unnin fyrir aðalfundinn og unga fólkinu framlag þess á fundinum og hvatti það til að koma sínum skoðunum á framfæri og halda áfram að hrista upp í hreyfingunni.

Garðar Guðjónsson, formaður Kópavogsdeildar, leiðrétti að aðalfundur hefði aldrei verið haldinn í Kópavogi áður eins og hann hafði sagt við setningu aðalfundarins. Haldinn var fundur í byrjun sjöunda áratugarins að sögn Ásgeirs Jóhannessonar. Tvennt í ályktun um stefnu Rauða krossins langaði Garðar að ítreka vegna mikilvægis, annars vegar að stefnan verði sjálfbær og starfsmönnum aðgengileg og kunn og hins vegar vildi hann undirstrika mikilvægi þess að verkefnaáætlunin yrði unnin í samstarfi við deildir. Þakkaði hann fundarmönnum heimsóknina í Kópavog og óskaði fólki góðrar skemmtunar í hátíðarkvöldverðinum.

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, þakkaði Sigrúnu og Gunnhildi góð og fræðandi erindi. Einnig þakkaði hann Sigurði Arnari Sigurðssyni gott samstarf sem hefur verið ánægjulegt, gefandi og ábendingaríkt. Að lokum bað hann Sigurð að taka við blómvendi sem þakklætisvotti fyrir vel unnin störf. Hann bauð einnig Þór Gíslason, nýkjörinn stjórnarmann, velkominn til starfa. Hann þakkaði síðan starfsfólki fyrir gott samstarf. Sigrún Árnadóttir á 10 ára starfsafmæli og færði Úlfar henni blómvönd af því tilefni.

Hann þakkaði Kópavogsdeild, Kópavogsbæ, fundarstjórum og fundarriturum fyrir aðild þeirra og störf á aðalfundinum. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum góðar umræður þó svo þær hafi ekki orðið miklar en það væri meðal annars vegna góðra umræðna undanfarið á svæðisvísu um stefnuna og vildi hann þakka sérstaklega fyrir þær. Að þessum orðum sögðum sleit formaður fundi.

Aðalfundi Rauða kross Íslands 2003 var slitið kl. 16.15

Fundargerð rituðu Guðrún Mjöll Sigurðardóttir,
Rúna H. Hilmarsdóttir og Sveinn Kristinsson